VERKALÝÐSBLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

SKÖPUM FORYSTUAFL VERKALÝÐSINS

Sjá leiðara

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (M-L) 3.ÁRGANGUR 7.Tbl. 12. JÚLI - 8. ÁGÚST 100 kr.

Járniðnaðarmenn á Akureyri

Svo sem kunnugt er, tóku járniðnaðarmenn kjarasamningunum með litlum fagnaðaðlátum. Verkalýðsblaðið hafði tal af tveimur starfsmönnum Slippstöðvarinnar á Akureyri, þeim Símoni Magnússyni vélvirkja og Jökli Guðmundssyni vélvirkja og trúnaðarmanni. SJÁ BAKSÍÐU.

Gegn Sovétríkjunum 21. ágúst!

21. ágúst nk. eru liðin 9 ár frá innrásinni í Tékkóslóvakíu. Þeir atburðir er þá gerðust eru sumpart teknir að fyrnast í hugum margra. En þessi dagur er mikilvægur öllu framsæknu fólki. Þá sýndu Sovétríkin fyrir alvöru mörgum efamönnum að sósíalisminn, sem alþýða heims hafði dáð og varið í tíð Leníns og Stalíns, var brotinn á bak aftur af nýrri yfirstétt. Valdaklíka gamalla og nýrra arðræningja kúgar nú og fléttir sovéskan verkalýð og alþýðu.

Þrátt fyrir blekkingar Krúsjeffs, Brésneffs og slíkra Kremlarkeisara, telur þorri alþýðufólks Sovétríki nútímans eitt og sósíalismann annað. Vígbúnaður Sovétríkjanna, árásir á önnur ríki, þjóðarmorð í Angóla og útþensla sýna, að þau eru orðin ríki svartrar heimsvaldastefnu - risaveldi eins og Bandaríkin. Tékkóslóvakía varð einna fyrst til að finna smjörþefinn af "sósíalisma" þeim er Þjóðviljinn ver, en telur þó "gallaðan". Framhald bls. 2

Alþýðubrauðgerðinni lokað

Fimmtudaginn 30. júní var Alþýðubrauðgerðinni í Reykjavík lokað fyrir fullt og allt eftir 60 ára rekstur. Alþýðubrauðgerðin er eitt þeirra mörgu fyrirtækja, sem stofnuð voru af alþýðu manna til að bæta úr brýnustu hagsmunamálum vinnandi alþýðu, hvort heldur var á efnalega eða andlega sviðinu. Það sem einkennir sögu allra þessara fyrirtækja er að fyrr eða síðar féllu þau í hendur fjárplógsmanna, sem bera hag gróðans eingöngu fyrir brjósti en kasta fyrir róða þeirri hugsjón sem stóð að baki stofnun fyrirtækjanna - þ.e. samstöðunni meðal fjöldans.

Hjá Alþýðubrauðgerðinni hefur svo til sama fólkið unnið svo áratugum skiptir, sumir allt uppundir hálfa öld. Hvernig er þessu fólki þakkað vel unnin störf? Jú, allir fá eins mánaðar uppsagnarfrest, klapp á öxlina síðasta starfsdaginn og nokkur vel valin orð um vel unnin störf. Tíðindamenn Verkalýðsblaðsins fengu þær upplýsingar hjá forstjóra fyrirtækisins að hér hefði verið farið að öllu samkvæmt lögum og gildandi samningum. Lög og samningar sem þjóna hagsmunum hverra? Allavega ekki hagsmunum verkafólks.

Alþýðubrauðgerðarmálið sýnir að verkafólk er svo til algjörlega réttindalaust hvað varðar uppsagnir og lokun fyrirtækja. Kemur þetta einna harðast niður á eldra verkafólki eins og best

Frh.bls. 3

Síðasti viðskiptavinurinn yfirgefur verslun Alþýðubrauðgerðarinnar við Laugaveg í Reykjavík að kvöldi 30. júní. (Mynd: VERKALÝÐSBLAÐIÐ)

Hvar stöndum við að loknum kjarasamningum SJÁ BLS.3

Verðhækkanaskriðan

HÆKKANIR JÚLÍ OG ÁGÚST ÓBÆTTAR!

Allar verðhækkanir fram til 1.sept. eru óbættar. Verkamenn látum ekki troða svona á okkur. Berjumst gegn því að 18þús. kr.hækkunin verði hirt upp í verðhækkanir. (Mynd: Verkal.bl.)

segir ASÍ

Verður kauphækkunum hleypt taumlaust út í verðlagið nú, eins og viðgengist hefur í kjölfar undangenginna kjarasamninga? Þetta er sú spurning sem flestir velta nú fyrir sér.

Fjallhár bunki hækkanabeiðna hrannast upp á Verðlagsskrifstofunni, ráðherrar og embættismenn lýsa því yfir einn daginn að "engar hækkanir verði leyfðar", en éta það svo ofan í sig deginum seinna (Ólafur Jóhannesson, o.fl.). ASÍ-foringjarnir og "alþýðuflokkarnir" tveir keppast við að hylla ákvæði í kjarasamningunum, sem að sögn eiga að girða fyrir rýrnun kaupmáttarins. "Árangur kjarasamninganna", kallaði Þjóðviljinn sýndarlækkun landbúnaðarvaranna á dögunum og var sigri hrósandi!

En varðveita nýju samningarnir einu sinni þá litlu kaupmáttaraukningu sem náðist í samningunum? NEI, alls ekki!

ASÍ-forystan hampar ákvæðum samninganna um "verðbótaauka", sem á að vera lausnarorðið gegn verðhækkunum. Þessi verðbótaauki skal reiknast fyrir hvert þriggja mánaða tímabil. En því er ekki eins oft flaggað að verðbótaaukinn kemur ekki til sögu fyrr en eftir 1. sept. í haust! En hvað verður þá um verðhækkanir þær sem eru yfirvofandi á næstu vikum - verða þær bættar? Verkalýðsblaðið bar þessa spurningu undir starfsmann á skrifstofu ASÍ í Reykjavík. Svarið sem fékkst var á þá leið, að hluti 18 þús. króna hækkunarinnar í júní væri ætlaður til þess að mæta fyrirhuguðum verðhækkunum í sumar!!

Framhald bls. 3

Krefjum ASÍ skýringa á starfi „fastanefndarinnar"!

Aftan við sjálfan rammasamninginn um kaup og kjör, sem ASÍ-forystan kvittaði fyrir 22. júní eru nokkrar yfirlýsingar sem varða eitt og annað viðkomandi kjörum verkafólks, en þær eru undirritaðar af atvinnurekendum og ASÍ-forystunni. Einhverra hluta vegna hefur ekki farið mikið fyrir öllum þessum yfirlýsingum í fjölmiðlum, en ómaksins vert er þó að skoða þær nánar.

Ein er á þá lund "að stefnt skuli að því, að við kosningu trúnaðarmanna á vinnustöðum veljist til starfa starfsfólk sem öðlast hefur a.m.k. eins árs starfsreynslu á vinnustaðnum."

Þá er yfirlýsing um að aðilar (þ.e. atvinnurekendur og ASÍ-forystan) vinni að því að öll aðildarfélög þeirra gerist aðilar að rammasamningum heildarsamtakanna. Einnig skuldbinda aðilar sig til þess að vinna að því að öll aðildarfélög haldi gerða samninga! Ýmsar sprungur komu í ljós í samningunum í samflotinu mikla - hjá atvinnurekendum ekki síður en ASÍ, en nú á að reyna að efla innviðina og auka enn á samflotið fyrir

Frh.bls. 3

½ mán.blað 1. sept.'77

VERKALÝÐS-BLAÐIÐ ALÞÝÐUR HEIMSINS OG FÖRUM ALLIR LANDA SAMEINIST!

SKÖPUM FORYSTUAFL VERKALÝÐSINS!

Stéttabaráttan - baráttan milli verkalýðs og auðstéttar - fer alls staðar fram. Í baráttu fyrir hagsmunum sínum, hvort sem um er að ræða kaup og kjör, gegn erlendri stóriðju, gegn lokun mjólkurbúða, námslán, ellilífeyri, byggðamál o.s.frv., eiga verkalýður og vinnandi alþýða sífellt í höggi við sama andstæðinginn: borgarastéttina og ríkisvald hennar.

Barátta verkalýðs og alþýðu færir þó yfirleitt árangur, sé hún rétt skipulögð. Borgarastéttinni, sem hefur samfélagsvöldin í sínum höndum, tekst þó oft að eyðileggja baráttuna eða ræna aftur ávinningum hennar. Nægir í því sambandi að nefna hvernig kauphækkanir eru jafnan étnar upp af verðhækkunum. Borgarastéttin á því auðveldari leik sem handbendi hennar eru ýmsir helstu forystumenn verkalýðshreyfingarinnar og annarra samtaka verkalýðs og alþýðu. Þessir forystumenn skipuleggja aðgerðir - eða aðgerðaleysi - verkalýðsins í samræmi við hagsmuni auðvaldsins.

Verkalýðnum er ekki nóg að berjast fyrir hærra kaupi og bættum kjörum. Hann verður að berjast fyrir varanlegum ávinningum, þjóðfélagslegum umbótum, afnámi auðvaldsskipulagsins. Það er nauðsynlegt að vekja og skipuleggja, samhæfa, efla og stýra baráttu verkalýðsstéttarinnar. Verkalýðurinn verður að berjast pólitískri baráttu; berjast fyrir samfélagsvöldum og losa sig undan oki auðvaldsins. Varanlegar kjarabætur munu aldrei fást í auðvaldsþjóðfélaginu.

Verkalýðurinn getur stjórnað þjóðfélaginu. Og ekki aðeins getur, heldur er sósíalískt þjóðfélag og alræði öreiganna óhjákvæmileg afleiðing stéttabaráttunnar í auðvaldsþjóðvélaginu.

Til þess að ná þessum markmiðum þarf verkalýðsstéttin forystuafl. Forystuaflið er stjórnmálaflokkur verkalýðs og vinnandi alþýðu. Flokkur, sem er virkur hluti stéttarinnar, berst með stéttinni, fyrir hana og hefur á að skipa baráttufúsasta og framsæknasta hluta hennar. Flokkur verkalýðsins byggir stefnu sína á efnahagslegum og pólitískum skammtíma og langtíma hagsmunum og markmiðum stéttarinnar.

Flokkur verkalýðsins verður að byggja á marx-lenínismanum - kenningum Mao Tse-tungs, fræðikenningu verkalýðsins. Marx-lenínisminn er ekki til fyrir fáa útvalda til að iðka fræðilega hugarleikfimi eða "róttækar" vangaveltur. Marx-lenínisminn er þjóðfélagsvísindi verkalýðs, leiðbeining um starfs- og baráttuaðferðir fyrir bættum kjörum, sósíalískri byltingu, stéttarveldi verkalýðs og stéttlausu samfélagi kommúnismans. Raunverulegur verkalýðsflokkur hlýtur því að vera marx-lenínískur kommúnistaflokkur.

Flokkur af þeirri gerð hefur ekki verið til síðan Kommúnistaflokkur Íslands var lagður niður í lok 4. áratugsins. Síðan hafa falsmarxistar og endurskoðunarsinnar, nú síðast í gerfi Alþýðubandalagsins, afvegaleitt baráttu verkalýðs og vinnandi alþýðu. Til að afhjúpa eðli þess "verkalýðs"flokks, nægir að benda á undanslátt og skemmdarverk AB-forystunnar í baráttunni gegn lokun mjólkurbúða.

Nauðsyn er að binda endi á þetta ástand og hefja baráttu í samræmi við það sem að framan er lýst. Forsenda árangurs í því starfi er stofnun raunverulegs kommúnistaflokks á Íslandi. Stofnun EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (marx-lenínista) var mikilvægt skref á þessari leið. EIK(m-l) hafa sett sér sem fyrsta stjórnlistarverkefni að smíða kommúnistaflokk og stofna flokkinn þegar pólitískur grundvöllur er fyrir hendi og marx-lenínisminn hefur á ný fest rætur í verkalýðsstéttinni.

Baráttan fyrir kommúnistaflokki er hörð. Berjast þarf um forræði í stéttabaráttunni gegn endurskoðunar- og stéttasamvinnustefnu Alþýðubandalagsins, hentistefnu og ævintýrapólitík Fylkingarinnar og svokallaðs "Kommúnistaflokks Íslands/ML". En marx-lenínisminn - kenningar Mao Tse-tungs mun sigra og verkalýðurinn eignast sitt eigið forystuafl - raunverulegar marx-lenínískan kommúnistaflokk.

FRAM TIL STOFNUNAR KOMMÚNISTAFLOKKS Á ÍSLANDI!

Eiginleikar kommúnistaflokks

+ Flokkurinn beitir þjóðfélagsfræðum verkalýðsstéttarinnar til að skipuleggja baráttu hennar og annarrar vinnandi alþýðu - marx-lenínismanum/kenningum Mao Tsetungs.

+ Flokkurinn starfar að baráttumálum dagsins og umbyltingu þjóðfélagsins - fullum völdum verkalýðs í bandalagi við vinnandi alþýðu aðra.

+ Flokkurinn er uppbyggður af virkum starfseiningum, aðallega á vinnustöðum og í stéttarfélögum.

+ Flokkurinn leggur höfuðáherslu á beina utanþingsbaráttu og fjöldaupplýsingamiðlun. Hann skipuleggur meðal fjöldans og með honum mótmælaaðgerðir, verkföll, kröfugöngur, kröfugerðir, og á enga aðra hagsmuni en hagsmuni verkalýðs og alþýðu.

+ Flokkurinn starfar sem ein heild út á við, virðir sameiginlegar ákvarðanir og lýtur lýðræðislegri stjórn, en hindrar klíkustörf.

+ Flokkurinn hefur á að skipa virkasta og stéttvísasta hluta verkalýðsins á hverjum tíma og er þannig verkalýðsflokkur í raun. Það táknar að skólafólk, menntafólk og vinnandi fólk annað úr millistétt starfar með honum á grundvelli verkalýðsins.

+ Flokkurinn viðurkennir opið mistök sín, útskýrir þau fyrir opnum tjöldum og breytir til betri vegar. Til þessa þarf sífellda baráttu gegn andverkalýðssinnaðri stefnu innan hans jafnt sem utan.

KOMMÚNISTAFLOKKUR ER NAUÐSYNLEGUR OG ÓHJÁKVÆMILEGT VOPN Í BARÁTTUNNI - TÖKUM ÞÁTT Í AÐ SMÍÐA HANN!

21. ágúst ❶

Staðreyndir sýna, að framferði Sovétríkjanna er sömu tegundar og heimsvaldastefna Bandaríkjanna, sem hefur hlotið fyrirlitningu fólks og goldið réttmæt afhroð. Bandaríkin kúga í nafni "friðar, frelsis og framfara" en Sovét í nafni "sósíalismans".

EIK(m-l) berjast staðfastlega gegn báðum risaveldunum og allri drottnunarstefnu. Þau benda stöðugt á hættuna á að risaveldin hleypi af stað þriðju heimsstyrjöldinni og hvað gera skuli vegna stríðshættunnar.

Samtökin telja því rétt að stofna til aðgerða 21. ágúst nk. til stuðnings baráttu tékkneskrar alþýðu fyrir sjálfræði lands síns og til baráttu gegn risaveldunum.

EIK(m-l) styðja kjörorðin:
- Sovétríkin burt úr Tékkóslóvakíu.
- Samstaða með baráttu alþýðunnar í Tékkóslóvakíu.
- Til baráttu gegn allri heimsvaldastefnu - gegn báðum risaveldunum - Sovétríkjunum og Bandaríkjunum.

Samtökin styðja frumkvæði and-heimsvaldasinna, sem undirbúa nú undirskrifta- og fjársöfnun fyrir aðgerðum undir ofangreindum kjörorðum.

EIK(m-l) ítreka samstarfsvilja sinn við félaga "KFÍ/ML" og hvetja alla and-heimsvaldasinna og framfarasinna til að styðja aðgerðir 21. ágúst nk.

Fyrir nokkru fengu EIK(m-l) tilboð um samfylkingu samtakanna og svonefnds "Kommúnistaflokks Íslands". EIK(m-l) hafa hafnað tilboðinu en ekki samstarfi við félaga flokksins um ofangreint starf einstaklinga. Ástæður eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi vilja EIK(m-l) hafa samfylkinguna á einstaklingsgrunni, og í öðru lagi yrði "KFÍ/ML" að taka afstöðu gegn framferði sínu 21. ágúst í fyrra, þegar hann hafnaði alfarið samskonar samfylkingarboði EIK(m-l) og hann nú gerir samtökunum. Slíkri klofningsstarfssemi er ekki hægt að "gleyma".

Það var heitt í kolunum.

Blásið í glæðurnar á ný.

Er langt í stofnun kommúnistaflokks?

Í leiðara blaðsins er rætt um nauðsyn þess að stofna nýjan verkalýðsflokk - flokk sem berst með fjöldanum og fyrir hann í smáu og stóru. Kommúnistaflokkur skal hann heita vegna þess að sósíalískt þjóðfélag, þjóðfélag verkalýðs og alþýðu, þróast til fulls jafnaðar - kommúnismans. Hann á ekkert skylt við arðrán og kúgun í Sovétríkjunum. Þróun í Kína, Albaníu og víðar sýnir að þetta er rétt og duga þá ekki æsifregnir margra fjölmiðla til að hrekja það.

En hvernig og hvenær verður slíkur flokkur til og er víst að hann standi í þjónustu verkalýðsins og annarrar alþýðu?

Í fyrsta lagi þarf til flokksstofnunar undirstöðu. Hún er hin almennu grundvallaratriði marxlenínismans/kenninga Mao Tsetungs - hátt á annað hundrað ára reynsla verkalýðshreyfingarinnar. Þessi atriði verður að tengja aðstæðum á Íslandi og móta í framhaldi af því, hvað gera skuli (stjórnlist) og hvernig (baráttuaðferðir) svo Ísland verði sósíalískt land og baráttan færi sigra áður en svo verður.

Þetta starf hafa EIK(m-l) unnið að mestu síðan 1975. Samhliða þessu og í sífellu hefur verið að stunda upplýsingastarf um hin almennu atriði og sjálfa íslensku stefnuskrána. Það gerist með skipulögðu námi (leshringir), dreifiritum, fundarhöldum og með því sem Lenín kallaði "vinnupall við flokksbygginguna" - blaði verkalýðsins og kommúnistanna. Jafnframt verður að vekja, efla og skipuleggja beina baráttu fyrir dægurmálum og langtímamarkmiðum. Það gerist með hjálp krafna og kjörorða, hvatningarstarfi meðal fjöldans og með notkun samfylkinga, þe. samtaka um eitt eða fleiri baráttumál - að ógleymdum verkalýðsfélögunum.

Þetta starf hafa EIK(m-l) að nokkru unnið sjálf einnig með VERKALÝÐSBLAÐINU.

Enn leggst áherslan á upplýsingastarfið fremur en baráttuskipulagningu, því samtökin eru ung og skortir enn afl. Smám saman kemur þetta til með að breytast; baráttan eflist, tengslin við verkalýð og aðra vinnandi alþýðu aukast, forystuaflið verður betra. Þegar undirbúningssamtök flokksins eru fær um að takast á við sjálfa smíði kommúnistaflokksins sem forystuafls í stéttabaráttunni, geta þau stofnað flokkinn og þá hafið sókn.

Innan fárra ára munu EIK(m-l) standa við þann áfanga.

Lesandi góður, komdu til liðs við undirbúningssamtök kommúnistaflokksins og VERKALÝÐSBLAÐIÐ!

Lesendabréf ❺

Mig langar að nefna nokkur dæmi um starfshætti byggingarfélagsins og framkomu þess gagnvart okkur verkamönnunum. Þegar yfirvinnubann og landshlutaverkföll stóðu yfir, lék atvinnurekandinn þann leik oftsinnis að mana verkamenn til brota á yfirvinnubanninu, um leið og hann rétti þeim hálftóm launaumslögin. Honum tókst að lokum að hafa áhrif á einn hópinn og hélst það í u.þ.b. eina viku.

Á vinnustaðnum var mikið rætt um mál þessi og hengd voru upp dreifirit til þess að ná samstöðu meðal verkamanna. Þeir sem gagnrýndu verkfallsbrotið vildu meina að gagnrýni og ónægja með yfirvinnubannið ætti að koma fram á verkalýðsfundi að loknum aðgerðum, í staðinn fyrir að láta ónægju sína í ljós með yfirvinnubannsbroti. Það kom að því að þeir ákváðu að hætta að vinna yfirvinnu. Líkaði atvinnurekandanum þessi ákvörðun afar illa og kom greinilega í ljós að brýnt væri að ljúka verkinu áður en nýjir samningar lægju fyrir.

Þegar verkfall átti að vera á Suðurlandi tók atvinnurekandinn það ráð að senda flokk manna úr Hveragerði upp í Hvalfjörð til þess að forðast vinnustöðvun, með það fyrir augum að senda síðan alla til Hveragerðis aftur að tveimur dögum liðnum þegar verkfall skyldi vera í Hvalfirði. Þetta tókst honum með þá sem ekki sáu í gegn um klæki hans. En þar með var ekki öllu lokið, því þegar verkafólkið hugðist sækja aurana, neitaði atvinnurekandinn að borga heimkeyrsluna (sem var á eftirvinnutíma) á þeim forsendum að vinnuflokkurinn væri fluttur til vegna verkfalls og því bæri honum engin skylda til að greiða eftirvinnu. En verkamennirnir unnu alla daga þessa viku og var því ekki um að ræða neitt verkfall. Ekki náðist samstaða um aðgerðir til þess að ná þessum aurum, því unnið var í trássi við verkalýðsfélögin.

Fyrir stuttu voru hafnar framkvæmdir við grunnskólann í Þorlákshöfn. Atvinnurekandinn gaf þau fyrirmæli að verkamenn tækju með sér kaffi, en mat skyldu þeir fá á staðnum. Héldu þeir þar með að andvirði þess matar sem þeir sköffuðu sjálfir yrði borgað. Að verkinu loknu fengu þeir ekki krónu og atvinnurekandinn stendur á því að um samkomulag hafi verið að ræða, og létu verkamennirnir undan. Miðvikudaginn 6. júlí var stór hópur manna sendur til Þorlákshafnar til að undirbúa fyrir plötusteypun. Um morgunin var ítrekað við atvinnurekandann að verkamenn ættu heimtingu á kaffi (Þorlákshöfn er ca 13 km frá Hveragerði). Atvinnurekandinn gerðist hinn versti yfir "óskyldu" verkamannanna og sagðist ekki vera til umræðu um málið og fyrirskipaði að vinna hæfist tafarlaust. Hann vann enn einu sinni. En að kvöldi var ákveðið að fara ekki í steypuvinnu daginn eftir fyrr en þetta mál væri komið á hreint.

Morguninn 7. júlí voru verkamenn loks einhuga og fastir fyrir. Eftir nokkurt þóf gaf atvinnurekandinn sig og gekk að þessari sjálfsögðu kröfu.

Framhald baráttunnar er óvíst, en þó tel ég að stálið sé farið að herðast. Ástæðu þessara hrakfara tel ég reynsluleysi og vöntun á leiðandi afli!

Kveðjur, baráttuglaður Hveragerðingur. (Bréfið er nokkuð stytt.-Verkalýðsblaðið).

gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum

Kjarasamningarnir HVAR STÖNDUM VIÐ?

Hvað vannst? Hvað tapaðist? Þessum spurningum verður að svara ef samningar ASÍ/VSÍ eiga að enda í réttri hillu í skjala - söfnum framtíðarinnar.

Samningamenn (þ.e.flestir 36 mannanefndar ASÍ) hafa verið einkar iðnir við að hæla samningunum. Nú er sóknin hafin, segja þeir.

Marka samningarnir tímamót?

EIK(m-l) benda á að nýgerðir samningar beri vitni um eitt stærsta óheillaskrefið í þá átt að koma á nýrri vinnulöggjöf, atvinnurekendum í hag. Sem dæmi um þetta getum við nefnt:

- 36 manna samninganefnd ASÍ var skipuð af sjálfskipaðri kjararáðstefnu ASÍ. Til þessarar ráðstefnu var ekki kosið af almennu félagsfólki né heldur það borið undir félögin hvort þau gæfu þessari samninganefnd samningsumboð sitt, svo sem þó hefur verið undanfarin ár. Hugmyndir nýrrar vinnulöggjafar, sem Björn Jónsson og Co. þóttust mótmæla í haust er þannig hrundið í framkvæmd, hvað snertir sjálfkrafa rétt ASÍ til að semja fyrir félögin.
- 10 manna "aðgerðanefnd" ASÍ var skipuð af 36 manna nefndinni. Þessi nefnd boðaði til yfirvinnubanns og eins dags keðjuverkfalla. Þetta er bein ögnun við samningsrétt og verkfallsrétt félaganna. Í samningunum var þessi réttur settur í hendur 36 og 10 manna nefnda án sérstaks umboðs frá almennum félögum í verkalýðsfélögunum.

Jafnframt þessu bar sérstaklega á því að helsta áróðursvél gegn verkföllum og um það að verkföll kæmu harðast niður á verkafólki, að enginn vilji verkfall o.s.frv., var knúin af sjálfri verkalýðsforystunni með stuðningi Morgunblaðsins og annara málgagna atvinnurekenda. Með þessum áróðri stefndi ASÍ-forystan vísvitað að því að lama baráttuvilja verkafólks.

Fleiri dæmi mætti telja. Allt ber að sama brunni. Samningagerðin í ár var sérlega hagstæð atvinnurekendum.

Kinnroðalausir "röttæklingar".

ASÍ-forystan hefði ekki náð svo langt í sókn sinni eftir formlegum yfirráðarétti í hreyfingunni án vísitæks og skilyrðislauss stuðnings forystunnar í öllum helstu félögum landsins. Þennan stuðning fékk hún líka frá "vinstri"andstæðingum sínum, sem hvað hæverastir voru á ASÍ-þinginu í fyrra. Þáttur "örðlegudeildarinnar" í samningunum nú sýnir hversu grunnt er á verkalýðsafstöðu hennar. Krafan um 100 þúsund kr. lágmarkslaun, miðað við kaupmátt í nóv. '76 reyndist vera haldlítil þessum mönnum, því í stað þess að leggja til baráttu fyrir þessari kröfu, studdu þeir höfuðpaurana í einu og öllu. Kauphækkanir sem "örðlega deildin" sagði í maí að væru allsendis óaðgengilegar, fengu stuðning hennar í júní og var þá ASÍ-forystunni hampað fyrir bestu samninga um aldur og æfi.

Samkomulagið.

Í heildina tekið urðu samningarnir í júní til þess að staðfesta kjaraskerðingu undanfarinna ára og koma á tiltölulega léttvægum tilfærslum á neðstu töxtum.

Kjarabætur þær sem náðust í samningunum eru harla rýrar þegar allt er upp talið. Þær samsvara nokkurn vegin því, sem um var samið 1972. Samningarnir eru enn eitt dæmið um að verkalýðurinn stendur berskjaldaður fyrir gróðasveiflum auðvaldsþjóðfélagsins, á meðan verkafólk tekur málin ekki í sínar hendur og hafnar þeirri forystu, sem leitt hefur stéttabaráttuna inn á brautir stéttasamvinnu og gert samvinnu við atvinnurekendur að aðalinntaki kjarasamninganna.

Í samningunum nú tapaðist meira en vannst. Verkafólk nýtur nú um tíma vaxandi eftirspurnar eftir vinnuafli. Í staðinn hefur verkalýðsforystan fórnað lýðræði hreyfingarinnar, verkfalls- og samningsrétti verkalýðsfélaganna. Í staðinn hefur hún fórnað baráttunni. Þessari forystu verður að víkja úr vegi ef einhver áþreifanlegur árangur á að nást í framtíðinni. Og þessari forystu verður að víkja úr vegi ef búa á verkafólk út með baráttuvilja og skipulagningu að vopni.

Akureyri: ASÍ-klíkan versta hindrunin

Megn óánægja ríkir nú meðal málmiðnaðarmanna með nýgerða kjarasamninga og sérstaklega með starf "fulltrúa launafólks" í samningsgerðinni. Sú óánægja nær langt upp eftir stéttarsamtökum þeirra og virðist því sem grundvöllur heildarsamflots ASÍ sé að bresta á mikilvægum stöðum. Og gott er það.

Eins og menn muna, undirritaði fulltrúi Málm- og skipasmíðasambands Ísl. (MSÍ) ekki rammasamning ASÍ og atvinnurekenda þegar aðrir undirrituðu. Fyrir því voru ærnar ástæður. Málmiðnaðarmenn komu enn ver út úr þessum samningum en flestir aðrir launahópar og var versti þrándur í götu þeirra forysta ASÍ og "láglaunastefnan".

Á þingi MSÍ í vetur var það samþykkt sem skilyrði þátttöku í samfloti ASÍ, að barist yrði fyrir að álagsprósentur á kaup málmiðnaðarmanna sem og allar prósentuhækkanir á kaup (m.a. vísitöluhækkanir) yrðu reiknaðar út frá raunverulegu kaupi en ekki "grunnkaupi", sem oft var aðeins rúmur helmingur af útborguðu kaupi (afgangurinn: ýmis álög, "láglaunabætur" o. s.frv.). Samninganefnd MSÍ hélt - stuttu fyrir undirritun rammasamningsins - enn fram kröfum sínum, bæði varðandi kauphækkanir og álög. Fékk þá nefndin að heyra frá viðsemjendum sínum, að 10 manna samninganefnd ASÍ og fulltrúar atvinnurekenda hafi gert með sér munnlegt samkomulag um að engir hópar skyldu fá meira en þessar 18 þús. kr. hækkun, auk sérkröfuprósentanna. Væri rammasamningurinn háður því að ekkert samband eða félag í landinu bryti þessa reglu og brysti hann ella!

Í rammasamningnum er tekið fram að álagagreiðslur skuli haldast óbreyttar í krónum.

Framangreint er nákvæmlega haft eftir Hákoni Hákonarsyni, form. Sveinafél. járniðnaðarmanna á Akureyri.

Það sem hér er um að ræða er ekkert annað en múlbinding stéttarfélaganna í landinu og tilræði ASÍ-klíkunnar gegn samningsrétti þeirra!

Þetta breytir þó ekki því að samninganefnd MSÍ brást umbjóðendum sínum er hún ekki lét boða til verkfalls er upp úr slitnaði, heldur leysti upp aðgerðir og lét nægja karp fyrir luktum dyrum. Úr því karpi kom að vísu eitt: 10% álag á "grunnkaup". Hins vegar reiknast 18 þús. kr. hækkunin ekki inn í álagsgrunninn, þannig að í reynd er hann enn óraunhæfari og verri en fyrr.

Þannig þýðir nú "10% álag" eða "10% vísitölubætur" í reynd 4-5% hækkun, þannig að það er langt í frá að kauphækkunin haldi í með verðbólguhraðanum.

Þannig er "láglaunastefnan" í framkvæmd. Þegar við bætist að helmingur af beinum kaupkröfum málmiðnaðarmanna og flestum sérkröfum þeirra var rutt út úr samflotshakkavélinni og þar saltaðar, er ekki að undra að þeir fái óbragð í munninn, þegar blaðrað er um "hina breiðu samstöðu" og "launajöfnun"!

LOKUN... 1

hefur sannast með starfsstúlkur í mjólkurbúðum. Fólk vinnur á sama vinnustað í fjölda áratugi í þeirri góðu trú að það fái að halda vinnunni eins lengi og starfsþrek þess segir til um. En oft verður endirinn annar eins og mjólkurbúða-- og Alþýðubrauðgerðarmálið sýna. Taka verður upp baráttu gegn geðþóttaruppsögnum og skyndilokunum fyrirtækja.

Fastanefnd 1

næstu kjarasamninga. Jón H. Bergs sagði í útvarpi á dögunum að "miðstjórnarvaldið hjá ASÍ væri hvergi nægilegt" og svo virðist sem ASÍ-forystan hafi skuldbundið sig til að kippa þessu atriði í liðinn til að liðka fyrir næstu samningum!

"FASTANEFND" STARFANDI

Þá er merk yfirlýsing um "fastanefnd aðila sem starfa mun á samningstímanum, með líkum hætti og áður". Þessi nefnd er ekki mjög umtöluð í herbúðum ASÍ-forystunnar - þ.e. á opinberum vettvangi, en hún hefur verið til í nokkur ár og þar sitja fulltrúar ASÍ og atvinnurekenda og búa til tillögur að reglum og samningum um kaup og kjör. Þannig á líklega að þróa miðstýringuna í samningumum enn meir: að rammasamningarnir verði smám saman búnir til á fámennum klúbbfundum ASÍ-broddanna og atvinnurekenda og síðan verði sjálfir "kjarasamningarnir" formsatriði eitt! Það er enda ekkert smáræði sem "fastanefndin" mikla fjallar um. Hún mun m.a. vinna að eftirfarandi á samningstímanum:

1. Samningi um vaktavinnu.
2. Rammasamningi um vinnu við stórframkvæmdir.
3. Rammasamningi um undirbúning og framkvæmd kerfisbundins starfsmats.
4. Rammasamningi um gæðamatskerfi, þar sem unnin er ákvæðis- og bónusvinna.
5. SETNINGU REGLNA UM GERÐ KJARASAMNINGA (?).
6. Framreikningi dánar, slysa- og örorkubótafjárhæða.
7. Athugun á launakerfum, launatöxtum og launastigum og almennum kjaraatriðum hinna ýmsu starfsgreina í því skyni að leita leiða til að einfalda umfjöllun launa- og kjaramála og samræma sambærileg kjör sem flestra starfsgreina.

Þannig hljóðar starfsáætlun "aðila vinnumarkaðarins" næsta árið. Er hægt að benda á öllu augljósara dæmi til að sýna það sem EIK(m-l) hafa margoft bent á, að forystan í verkalýðshreyfingunni gengur ekki hagsmuna verkafólks og að hluti ASÍ-forystunnar er beinlínis hluti af ísl. borgarastétt? Tæplega. Er ekki kominn tími til að ASÍ-forystan sé krafin skýringa á starfi þessarar "fastanefndar"?

Hækkanir 1

Allar verðhækkanir sem koma fram að 1. sept. eru algerlega óbættar. Það er því óhætt að búast við þungri verðhækkanaskriðu næstu vikurnar - án þess að fyrir þær komi bætur að neinu leyti. Atvinnurekendur og ríkisvald þeirra munu reyna að ná aftur kaupmáttaraukningunni og meiru til áður en verðbótaaukinn tekur gildi.

Fróðlegt verður að heyra "útskýringar" hagfræðings ASÍ á verðhækkanaskriðunni. Líklega munu þær ganga mest út á það að kvarta undan sviknum loforðum ríkisstjórnar!, í stað þess að benda á það að svikasamningar ASÍ eru galopnir fyrir þessu öllu.

En hvað um það, hér er komin enn ein ástæða fyrir verkafólk til að taka upp harða baráttu á vinnustöðum og í verkalýðsfélögum gegn kjararáninu, gegn atvinnurekendum og ASÍ-forystunni!.

Hvað er „Kjararannsóknanefnd"

Eitt einkenni stéttasamvinnustefnunnar, sem við nefnum svo, er seta margra forystumanna ASÍ og einstakra aðildarfélaga í alls kyns opinberum nefndum og ráðum - ásamt fulltrúum atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra. Hlutverk slíkra nefnda/ráða er undantekningarlítið hagræðingarstarfsemi fyrir "atvinnuvegina" eða "þjóðarbúið", eins og burgeisarnir og ASÍ-foringjarnir kalla undirokunar- og arðránsskipulagið á Íslandi. "Það er hagur okkar allra að deilur um kaup og kjör leysist á friðsamlegan hátt - stöðvun framleiðslunnar skaðar vinnuveitendur jafnt sem launþega", segja þeir Geir, Jón Bergs, Davíð Scheving og Ragnar í álverinu. Undir sönginn taka svo Björn, Eðvarð, Ásmundur hagfræðingur o.fl.ofl. "óháðar" reiknistofnanir unga stöðugt út álnalöngum talnarunum og línuritum sem sýna eiga burðarþol atvinnuveganna. Útkoman er alltaf vituð fyrirfram: "Þjóðarbúið" er aldrei sagt bera hærri laun verkafólks en sem nemur rétt rúmlega sultarmörkum. Gróði auðvaldsins og sukk borgarastéttarinnar er blessað og innsiglað af reiknimeisturunum.

Eitt fyrirbærið í hópi "óháðra" reiknimeistara auðvaldsins er svonefnd Kjararannsóknanefnd (Kj.), sem getið er hér á undan. Þegar ASÍ-foringjarnir koma fram í fjölmiðlum eða á fundum í verkalýðsfélögum og fjalla um kjaramálin, þá vitna þeir gjarnan til plagga frá þessari nefnd sem hins óvéfengjanlega sannleika um kaup og kjör. Sama gera atvinnurekendur og fjölmiðlar tyggja stöðugt upplýsingar Kj. En hvað er þá Kj., hverjir skipa hana, hvað gerir hún og hver borgar brúsann? Hér verður aðeins drepið á fáein atriði, en nægilega mörg til að sýna að hér er aðeins komin enn ein fölsunarstofnun auðvaldsins, sem ætlað er að sýna á "vísindalegan hátt" kaupmátt launa, rauntekjur o.fl.

Kj. var stofnuð að tilhlutan stjórnar Ólafs Thors 1963, til að "láta fara fram athugun á því hversu mikil kauphækkun mætti verða til þess að hún kæmi launþegum að sem bestum notum, án þess að hún íþyngi atvinnuvegunum of." Kj. var, og er, skipuð 6 mönnum, 3 frá ASÍ og 3 frá VSÍ (samtökum atvinnurekenda). ASÍ-menn sem áttu sæti í Kj. 1963 voru Björn Jónsson, Hjalti Kristgeirsson og Sigurvin Einarsson.

Um markmið Kj. segir svo í 1. fréttabréfi hennar 1965; að það sé að vera "samtökum launþega og vinnuveitenda til ráðuneytis í hagfræðilegum efnum, er máli skipta við gerð kjarasamninga." Síðan skal það svo vera verkefni samningsaðila að "draga ályktanir af þeim staðreyndum, sem aflað hefur verið."

Á hverju byggjast svo "kjararannsóknir" Kj.? Jú,

starfsmenn hennar eru sagðir afla gagna um vinnutíma og raunverulega greidd laun verkafólks, iðnaðarmanna og verslunarmanna í Reykjavík og nágrenni. Gagnanna er aflað í 75 fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og nær þetta til um 7000 manns ("Það er rétt að taka fram, að Kj. er í dag algerlega háð skilningi og velvilja einstakra atvinnurekenda og stjórnenda stofnana um upplýsingar til nefndarinnar (!)" - Jón Gunnlaugsson, starfsmaður Kj. á fundi Stjórnunarfélagsins um gerð kjarasamninga). Segir þetta ekki talsvert um það hversu áreiðanleg "upplýsingalind" nefndarinnar er? Þá er Kj. sögð "hlutlaus matsaðili á kröfugerð og kauptilboð meðan á kjarasamningum stendur, ef sáttasemjari og/eða sáttanefnd æskja þess. Þannig vinna starfsmenn nefndarinnar jafnan nokkuð starf fyrir sáttasemjara (Jón Gunnlaugsson)."

Kj. skipa nú: Ólafur Jónsson,
Júlíus K. Valdemarsson, frá Vinnumálasambandi SÍS,
Haukur Björnsson, Eðvarð Sigurðsson, Snorri Jónsson og Guðmundur H. Garðarsson.
Kostnaður við nefndina 1975 var kr. 640 þús. og var greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði! Í stjórn hans situr svo meðal annarra Eðvarð nokkur Sigurðsson...

utan úr heimi

lönd vilja sjálfstæði
þjóðir vilja frelsi
alþýðan vill byltingu

Fjórmenningaklíkan í Kína:

Svikarar eða marxistar?

Borgaralegir fjölmiðlar hafa þyrlað upp miklu moldviðri vegna brottreksturs "fjórmenninganna" svokölluðu, Chiang Chings, Yao Wen-yans, Chang Chun-chiaos og Wang Hung-wens, úr Kínverska Kommúnistaflokknum (KFK), en öll voru þau um árabil í leiðtogahópi KFK. Afturhaldið hefur reynt að nota hreinsun fjórmenninganna úr KFK til að tortryggja hina nýju forystu flokksins, undir leiðsögn félaga Hua Kuo-fengs, og til að ýta undir klofning í röðum marx-leníníста. Alltaf er reynt að láta líta svo út sem hér sé um að ræða merki um harðar "leiðtogadeilur KFK á bak við tjöldin", en ekki baráttu borgaralegra og öreigasinnaðra afla um völdin í alþýðulýðveldinu: baráttu sem varðar sjálfa framtíð sósíalismans í Kína.

Stéttabarátta í sósíalísku landi?, spyrja sumir. Já, auðvitað hverfa ekki gamlar valdastéttir í einu vetfangi af sögusviðinu þó að nýjar stéttir steypi þeim af stóli og taki völd. Leifar þeirra og áhrif lifa lengi lengi á nýju söguskeiði. Leifar borgarastéttar og lénsveldis hverfa ekki um leið og verkalýðsstétt einhvers lands tekur völdin í krafti framvarðar síns, kommúnistaflokksins, og fer að byggja sósíalisma. Á söguskeiði sósíalisma, alræðis verkalýðs og bandamanna hans, fer fram stöðug barátta gegn gömlu yfirstéttarleifunum og hugmyndum þeirra. Afsprengi valdastéttanna lifa í sósíalismanum og þau dreymir um að endurheimta sinn fyrri sess: aðstöðu til að setjast í stól arðræningja og lifa á vinnu verkafólksins. Þetta hefur sannast áþreifanlega í sögu sósíalísku ríkjanna, en þekktust eru líklega dæmi frá Sovétríkjunum, þegar þar var við lýði sósíalismi, og Kína. Kommúnistaflokkur í sósíalísku ríki er lykill að þjóðfélagsvöldum og því reynir afturhaldið alltaf að vinna flokkinn innan frá. Margir minnast baráttunnar í flokki bolsévíka í Sovétríkjunum á sínum tíma, þegar kommúnistar með Lenín og Stalín í fararbroddi börðust gegn afturhaldsklíkum í flokknum, sem lutu leiðsögn Trotskís, Zinovjevs, Kamenjevs, Krúsjoffs, o. fl. Afturhaldið sigraði tímabundið eftir dauða Stalíns og þá þegar hófst niðurrif sósíalisma í Sovét á skipulegan hátt. Afleiðing þessa sést ljóslega í dag: Sovétríkin eru orðin fasískt auðvaldsríki, uppspretta nýrrar heimsstyrjaldar. Sama sagan getur hæglega endurtekið sig í Kína og stundum hefur jafnvel legið nærri að afturhaldsöflum þar hafi tekist að sölsa undir sig völdin í flokk og ríki og hefja skipulegt niðurrif sósíalismans.

NÚ SÍÐAST FJÓRMENNINGARNIR

Allt frá stofnun KFK, hefur verið háð umfangsmikil barátta gegn borgaralegum öflum í flokknum, misjafnlega hörð þó. Margar borgaralegar klíkur hafa verið afhjúpaðar og hreinsaðar út - marx-leníníminn hefur ætíð farið með sigur af hólmi og alltaf hefur hver sigur yfir afturhaldinu skilað sér í ótrúlega stórstígum framförum á öllum sviðum þjóðlífsins í Kína. Nú síðast var það fjögurra-manna-klíkan sem féll, eins og KFK nefnir þau gjarnan. Borgaralegir fjölmiðlar kalla þá gjarnan "þá róttæku" í flokknum, en aðra leiðtoga "þá hægfara". En hverjir eru þá fjórmenningarnir í raun og veru? Hér verður aðeins drepið á örfá atriði rúmsins vegna og lögð áhersla á stuðning EIK(m-l) við baráttu KFK.

1. KFK hefur opinberað gögn sem sýna mörg alvarleg frávik fjórmenninganna frá marx-lenínísmanum. Þeir eru sakaðir um að hafa stuðlað að auðvaldstilhneigingum í efnahagsuppbyggingu Kína, að hafa látið framleiðsluna reka á reiðanum og hafa undirokað byltingarlist og -menningu. Eru þetta ekki nægilegar ásakanir um frávik?

2. Jafnframt hefur KFK sakað fjórmenningana um að hafa lifað í raun sem arðræningja, að hafa notað stöðu sína í flokk og ríki til að lifa í vellystingum með þjóna á hverjum fingri. Þetta er líka pólitísk ásökun. Að lifa í lúxus, samræmist ekki kommúnískum leiðtogum. Að þeir skyldu lifa lúxuslífnaði er reyndar engin tilviljun, heldur rökrétt afleiðing af stéttarlegum uppruna þeirra. Þeir eru allir afsprengi gömlu arðráns- og kúgunarstéttanna í Kína.

3. Hvernig getur sjálf fyrrum kona Mao Tse-tungs verið svikari, er oft spurt. Svar: Rétt pólitísk afstaða er algerlega óháð öllum fjölskyldutengslum. Hvert einhver er marxisti ákvarðast á engan hátt af maka eða skyldmenni, heldur af þeirri afstöðu sem viðkomandi tekur í baráttunni. Enginn heldur því t.d. fram að Svetlana Stalínsdóttir sé "sannur marx-leníníсti", þrátt fyrir að faðir hennar hafi verið mikill frumkvöðull marx-leníníсma og leiðtogi verkalýðs veraldar. Chiang Ching skal því ekki dæmd eftir orðum og æði Maos, heldur eftir sínum eigin verkum.

4. Mao Tse-tung gagnrýndi fjórmenningana margsinnis í lifanda lífi og hvatti þá til að leiðrétta borgaralega stefnu sína og starfsstíl. Þetta gerðu þeir ekki, en reyndu þess í stað að koma af stað ringulreið í Kína eftir lát Maos - í því skyni að hrifsa til sín völdin. Þetta tókst ekki, þar sem þá skorti algerlega fjöldafylgi við illvirki sín. Alþýðan hylltі í þess stað Hua Kuo-feng og hina nýju miðstjórn í KFK.

VIÐ FÖGNUM SIGRUNUM YFIR FJÓRMENNINGAKLIKUNNI!

EIK(m-l) hafa sent miðstjórn KFK kveðjur í tilefni útnefningar Hua Kuo-fengs í formannsembætti og í tilefni sigurs yfir klíku fjórmenninganna. Hvers vegna?

Jú, við reynum að meta atburðina í ljósi marx-lenínísmans, en ekki fréttastofuslúðurs og við höfum farið í gegn um umfangsmikil gögn KFK og fleiri flokka og samtaka um málið Við höfum komist að sömu niðurstöðu og KFK og því styðjum við stefnu hins þrautreynda og sigursæla bróðurflokks EIK(m-l) gagnvart afturhaldsöflunum í Kína. Við sjáum enga ástæðu til að matreiða einhverjar "einkaskoðanir" á fjórmenningunum, þegar við erum sammála KFK um þá! Við höfnum því að sitja með hendur í skauti og "hlusta á báðar hliðar málsins", eins og sumir segja réttast: þannig værum við í raun að gera borgarastéttinni jafnhátt undir höfði og verkalýðsstéttinni! Við höldum því hiklaust fram að sigurinn yfir fjórmenningunum í Kína sé heimssögulegur sigur verkalýðsstéttarinnar yfir auðvaldi og afturhaldi. En langt í frá að þetta verði síðasta afturhaldsklíkan sem kínversk alþýða mun glíma við. Þær munu verða miklu fleiri.



Eitt ár frá uppreisninni í Póllandi:

Fasistastjórnin riðar til falls

25. júní s.l. var liðið eitt ár frá því að pólskur verkalýður gerði uppreisn gegn fasistaklíku Giereks. Uppreisnin neyddi Gierek-klíkuna til þess að hætta við verðhækkanir á matvörum og skók veldi endurskoðunarsinnanna á grunni sínum. Eftir uppreisnina voru um 20.000 verkamenn sviptir atvinnu, mörg þúsund voru fangelsaðir og a.m.k. 17 verkamenn féllu.

Eftir uppreisnina voru hafnar ofsóknir gegn þeim verkamönnum sem stjórnin taldi vera leiðtoga hennar, þungir dómar voru felldir gegn verkamönnum í Ursus dráttavélaverksmiðjunum og í borginni Radom. Varnarnefnd verkamanna, sem var stofnuð eftir uppreisnina, hefur skýrt frá dómum allt upp í 9 ár. Í maí s.l. var ennfremur sett á stofn Varnarnefnd stúdenta - stjórn Giereks hefur svarað með því að hefja fjöldahandtökur félaga varnarnefndanna.

Pyntingar

Varnarnefnd verkamanna hefur safnað saman miklu magni vitnisburða um pyntingar meðal þeirra sem voru handteknir. Einn af fulltrúum nefndarinnar segir að af mörg þúsund séu aðeins 4 sem hafi ekki verið pyntaðir. Amnesty International hefur einnig fengið vitnisburð um pyntingar. Yfirvöld hafa neitað að kannast við þær og reynt að fá fólk til þess að draga frásagnir sínar til baka.

Undanhald og gagnsókn

Í október í fyrra neyddist Gierek-klíkan til þess að sleppa hluta af þeim handteknu og veita öðrum "sakaruppgjöf" - en samt eru enn fjölmargir í fangelsum. Varnarnefnd verkamanna hefur krafist þess að allir verði skilyrðislaust látnir lausir. En stjórnin hefur krafist þess að allir sem verði látnir lausir undirriti yfirlýsingu um sekt sína - þannig hyggst fasistastjórnin fá viðurkenningu á réttmæti fangelsananna.

Baráttan heldur áfram

En öll brögð Giereks duga ekki til þess að kæfa baráttu pólsks verkalýðs. Varnarnefnd verkamanna er í fullu fjöri núna ári eftir uppreisnina, bandalag verkamanna og námsmanna hefur þróast. Czerwony Sztandar (Rauði fáninn) málgagn hins ólöglega Kommúnistaflokks Póllands segir um ástandið: "Desemberatburðirnir og sérílagi júníatburðirnir, sýna að pólitísk stéttvísi öreiganna hefur vaxið geysilega og að verkalýðurinn er sér vitandi um mátt sinn. Hann gengur áfram í byltingarsinnuðum anda með gjörvallri byltingarhreyfingu evrópskra verkamanna - og skipar þar heiðurssess."

Verkamenn við Hangchow-silkiverksmiðjuna gagnrýna fjórmenningana.

AFRÍKA

Baráttan gegn sósíalheimsvaldastefnunni eflist

Bandarísка heimsvaldastefnan er á undanhaldi í Afríku - en í fótspor hennar kemur sósíalheimsvaldastefnan sem reynir að ná fótfestu með því að útnefna sig sem "eðlilegan bandamann þróunarlandanna" - veifandi slagorðum um "sósíalisma" á sama hátt og bandarísku heimsvaldasinnarnir þóttust vera fullrúar "lýðræðis og frelsis". En blekkingadulurnar duga aðeins tímabundið - drottnunargirni sósíalheimsvaldastefnunnar afhjúpast æ betur og andstaðan eflist að sama skapi.

SÚDAN

Í tilraunum sínum til að ná fótum í Afríku hafa sósíalheimsvaldasinnarnir haft sérstakan augastað á Súdan sem er, auk þess að vera stærsta land álfunnar, hernaðarlega mikilvægt vegna legu sinnar. Sovésku heimsvaldasinnarnir hafa reynt bæði blíðmælgi og hótanir - og gert tvær mislukkaðar valdaránstilraunir gegn stjórn landsins!

En uppskeran varð önnur en ætlað var, þ. 12. maí s.l. var öllum samningum milli Sovétríkjanna og Súdan sagt upp af stjórn Súdans undir forsæti Gaafar Mohamed Nimeiry. Reynsla Súdana af samskiptunum við "eðlilegan bandamann þróunarlandanna" er lærdómsrík. Nimeiry, sem var á ferð í Kína í júní s.l., sagði m.a. eftirfarandi í veislu sem var haldin honum til heiðurs:

"Þið Kínverjar hafið sagt að ákveðið land sem kveðst vera eðlilegur bandamaður þriðja heimsins sé í rauninni sölumaður dauðans sem selur hergögn á okurverði. Þessi yfirlýsing ykkar er dagsönn!.... Og það er hárrétt þegar þið segið að þeir sem tróna með stuðningsskilti fyrir þjóðfrelsi, nota þetta skilti eingöngu til þess að ota sínum tota hvarvetna, sá sundurlyndi og fiska í gruggugu vatni. Þeir brennimerkja hvern þann sem þorir að standa gegn sviksamlegri drottnunargirni þeirra sem "afturhaldssegg"!".

ZIMBABWE

Ein af aðferðum sósíalheimsvaldasinnanna til að ná fótum og yfirráðum er að "aðstoða" þjóðfrelsishreyfingar. Frægt dæmi um slíka aðstoð er MPLA í Angóla. Niðurstaðan varð algjör drottnun Sovét yfir landinu. Í dag reyna þeir að útbreiða fótök sín m.a. til frelsishreyfingarinnar í Zimbabwe - en alþýðan hefur lært að sjá við slíkum "vinum". Robert Mugabe, aðalritari ZANU (þjóðareiningarsamtaka Zimbabwe) hefur fordæmt fhlutun Sovétríkjanna eftirminnilega: ""Hjálpin" sem sósíalheimsvaldasinnarnir veita er veitt með þeirri duldu ætlan að ná áhrifasvæðum og yfirdrottnun og til að útvega hlaupatíkur. Alþýðu Zimbabwe er ógnað bæði frá vestrænni heimsvaldastefnu og sósíalheimsvaldastefnunni, og hættan af sósíalheimsvaldastefnunni er sýnu meiri þar sem hún dylst betur. En alþýða Zimbabwe lætur ekki kúga sig, hún er nægilega djörf og hugmyndafræðilega vel undirbúin, til þess að mæta hættunni - við munum berjast þar til lokasigur næst".

Samtíningur

Jón Sigurðsson, fyrrverandi Alþýðubandalagsmaður, fyrrverandi Frjálslyndur vinstrimaður og núverandi Framsóknarmaður, hefur loks uppskorið laun erfiðis síns. Hann hefur erft sæti Alfreðs Þorsteinssonar - og er hafður á Viðavangi í Tímanum. Þar leyfist honum að skrá hverja þá vitleysu sem honum auðnast að láta sér detta í hug. Það er gott og blessað.

Eins og meðmæli hans hafa efalaust sýnt, þá er hann oft allfjarri sannleikanum þegar hann lætur drjúpa úr penna sínum - oft er það vísvitandi. En stundum er Jón skemmtilegur - eða hvað segja lesendur Verkalýðsblaðsins um eftirfarandi umsögn Jóns:

Vinir Varsjár-
bandalagsins
Mjög reiðir ungir menn í Reykjavík gefa út fjölritað blað sem þeir kenna við verkalýðinn í landinu. Þeir eru svo reiðir fyrir hönd verkalýðsins að þeim er jafnvel ein Straumsvíkurganga í augum. Að hætti byltingarmanna hata þeir mest þá menn sem næst þeim sjálfum standa hugsjónalega án þess þó að játa öllum hinum „réttu" kennisetningum. Þeir höggva ótt og títt og hafa margt í sama orðinu.

Það er eftirtektarvert að tæknileg þekking Jóns virðist á svipuðu stigi og pólitíkin hans - því Verkalýðsblaðið er ekki fjölritað, heldur offsetprentað (Tíminn líka, Jón!). Og það er því ekki úr vegi að minna lesendur á söfnunina fyrir prentvélinni.

Bæði Alþýðublaðið og Þjóðviljinn gagnrýna Sovétríkin í sumum málum - aðallega varðandi skort á mannréttindum.

Fyrir skömmu var ritstjóra Alþýðublaðsins og einum forystumanni Þjóðviljans boðið til Sovétríkjanna. Þeir þáðu boðið, drukku sjálfsagt sína kokkteila og skoðuðu landið. Nú er beðið eftir frásögnum af öllu því andstyggilega sem fyrir augu bar.

* * *

Í dreifiriti Fylkingarinnar 'Að loknum samningum" eru kjarasamningarnir mildilega gagnrýndir og hvatt til að þeir verði samþykktir! ASÍ-forystan er gagnrýnd fyrir "uppgjöf" en ekki stéttsvik.

Eftir samfylkingu ASÍ-broddana og þjóna þeirra í Fylkingunni 1. maí sl. biðu margir eftir faðmlögum þeirra bræðra. Þau nálgast óðum. Við fögnum staðfestu Fylkingarinnar.

* * *

Í Stéttabaráttunni nr 1977 - leiðara, stendur að launajöfnunarstefna tákni að minnka bilið milli verkalýðs og atvinnurekenda. Líklega vonar Stéttabaráttan að þegar jöfnuðurinn er orðinn alger milli þessara ósættanlegu stétta, þá sé sósíalisminn kominn. Við vonum hins vegar að Alþýðuflokkurinn fyrirgefi Stéttabaráttunni þótt hún gerist djarftæk á kratismanum.

Nærmynd af endurskoðunarstefnunni

"Fegurðin sem fallegir kvenmannsfætur búa yfir hefur lengi notið viðurkenningar á vesturlöndum, sérstaklega hjá hugmyndasmiðum auglýsingaiðnaðarins. En í Sovét hafa menn lokað augunum og sagt: 'svona nokkuð passar ekki hjá okkur. En nú hafa nýir vindar byrjað að blása".

Þessi klausa er fengin úr sænska blaðinu "Veckans affärer" (einkonar Frjáls verslun Svíanna). Blaðið lýsir síðan nánar hvernig auglýsingaiðnaðurinn er smátt og smátt að rísa upp í Sovétríkjunum, og hefur nú "náð svo langt" að notfæra sér fáklæddar konur. Sænska blaðið vitnar í bandarískan lögfræðing sem starfar í Moskvu: "Hlutirnir eru að fá á sig algjörlega nýja mynd hér í Moskvu" segir hann og brosir af ánægju".



Sovétríkin læra af USA: Naktir kvenmannsfætur auglýsa best.

LESENDABRÉF

Vélræn söguskoðun

Þið hafið stundum beðið um að lesendur sendi ykkur línu og nú ætla ég að láta verða af því. Blaðið er að mörgu leyti gott og nálgast það óðum að standa undir nafni. En stundum vottar fyrir tilhneigingu til að einfalda hlutina full-mikið, ef til vill vegna vanþekkingar.

1. Þið hafið talað um að það þurfi að "endurreisa merkið þar sem KFÍ hafi látið það niður falla 1938" - þ.e. að KFÍ hafi þá verið ágætur og kommúnískur flokkur öll þau átta ár sem hann var til. Það held ég að hann hafi alls ekki verið. Hentistefnan var mjög rík í honum alveg frá upphafi og margar afdrifaríkar villur voru gerðar. Var t.d. ekki frá upphafi algerlega röng afstaða KFÍ til hins borgaralega ríkisvalds? Var ekki Einar Olgeirsson sestur í stjórn ríkisfyrirtækis strax 1932? Ég vara því við því að KFÍ sé metinn á yfirborðslegan hátt, en segi jafnframt að ekki heldur má gera lítið úr þýðingu flokksins í baráttunni á milli heimsstyrjalda. En sem sagt: hér þarf að rannsaka betur og leggja svo fram mat.

2. Þið hafið í einu blaði talað um Þjóðviljann sem "svikara í 40 ár" (þ.e. að blaðið hafi verið slæmt og fjandsamlegt verkalýðsbaráttunni allt frá stofnun 1936). Er þetta álit byggt á rannsókn? Þó að Þjóðviljinn sé eins og hann er í dag, þá þýðir það engan veginn að hann hafi alltaf verið svona. Á fyrstu árunum var hann í öllum höfuðatriðum framsækið verkalýðsblað, studdi kjaraátök, barðist gegn hernáminu, varði sósíalismann o.s. frv. Fæst af þessu gerir Þjóðviljinn í dag, en hvenær höfuðhlið blaðsins verður slæm veit ég ekki. Það þarf að skoða betur. En fyrir alla muni: vandið meira til mats á sögu sósíalísku hreyfingarinnar.

Lesandi á Dalvík

Svar ritstjórnar: Ritstj. þakkar þarfar ábendingar í bréfi félagans á Dalvík og gerir sjálfsgagnrýni á ónákvæmar, vélrænar og beinlínis rangar greiningar á sögu sósíalísku hreyfingarinnar á Íslandi. EIK(m-l) hafa allt of lítið sinnt rannsóknum á fyrri tíð, en það afsakar auðvitað á engan hátt vélræna framsetningu á mati á verkalýðsbaráttu fyrri tíma. Athugasemdir sem þessar eru okkur afar mikilvægar og gagnlegar. Sendið línu!

Hveragerði 8/7 1977

Í Hveragerði er nýverið stofnað byggingarfélag eitt sem ber nafnið Byggingarfélag Suðurlands. Félag þetta tekur að sér verkefni frá grunni til síðasta frágangs. Félagið hefur fengið verkefni eins og grunnskólann í Þorlákshöfn, heilsugæslustöð á Kirkjubæjarklaustri og uppsetningu (undirbúningsvinna) raflínunnar margumtöluðu í Hvalfirði.

Frh.bls. 2

Kveðjur

EIK(m-l) sendu Hua Kuo-feng og miðstjórn Kommúnistaflokks Kína kveðjur í tilefni þess að 56 ár eru liðin frá stofnun flokksins en hann var stofnaður 1. júlí 1921.

*

21. júní sendu EIK(m-l) Kommúnistaflokki Sviþjóðar, SKP, afmæliskveðjur í tilefni af 10 ára starfsemi flokksins.

EIK(m-l) fögnuðu þeirri árangursríku og aflmiklu baráttu sem SKP hefur staðið fyrir til uppbyggingar nýs kommúnísks forystuflokks verkalýðsins í Svíþjóð.

"Við styðjum þessa baráttu ykkar og sérhvert skref SKP, verkalýðs og vinnandi alþýðu framávið gegn borgarastéttinni, heimsvaldastefnunni, risaveldunum og endurskoðunarstefnunni."... segir í lok kveðjunnar til SKP.

*

EIK(m-l) sendu verkfallsmönnum við Elkem-Rockwool í Moss eftirfarandi kveðju: "Félagar! Við styðjum eindregið baráttu ykkar við Elkem-Rockwool og hið einarða verkfall ykkar. Elkem-auðhringurinn reisir í samvinnu við íslenska einokunarauðvaldið járnblendiverksmiðju á Íslandi. Það er mikilvægt að norsk og íslensk verkalýðsstétt standi saman gegn arðráni einokunarauðvaldsins og styðji hvers annars aðgerðir gegn auðvaldinu."

Til áskrifenda

Útgáfa VERKALÝÐSBLAÐSINS grundvallast á lausasölu. Hefur salan fram til þessa gengið mjög vel ef tekið er mið af því að þau blöð sem ætluð eru í lausasöluna seljast alltaf upp. Vinsælasta form lausasölunnar er húsasalan. Þá er gengið í hús, hinar ýmsu götur og hverfi skipulögð þannig að farið er á sömu staði með hvert blað. Algengt er að þegar sölumaðurinn kemur í þriðja- fjórða sinn í sama húsið og blaðið hefur verið keypt í öll skiptin , fái hann úr því húsi áskrifenda. Þannig hefur obbinn af áskrifendunum fengist. Ef þetta verður þróunin í framtíðinni þá megum við vel við una og kvíðum í engu útkomu 1/2-mánaðarblaðsins. Notum við hér með tækifærið og minnum áskrifendur okkar á að greiða árgjaldið hið fyrsta.

Dreifirit

EIK(m-l) dreifðu dreifiritum á meðan á samningunum stóð og einnig á fundum verkalýðsfélaganna er samningarnir voru afgreiddir.

Dreifirit þessi voru þrjú talsins, fjölluðu þau almennt um samningana, kröfur þær sem skilyrðislaust yrði að ná fram og víti þau sem bar að varast. Í dreifiritunum sem fóru á fundina hjá verkalýðsfélögunum var skorað á verkafólk að fella samningana. Dreifiritum þessum var víðast vel tekið.



EIK(m-l) og Október-forlagið hafa opnað skrifstofu að Hafnarstræti 79, Akureyri, og er þar hægt að fá efni forlagsins keypt, Verkalýðsblaðið, og einnig allar upplýsingar um starf samtakanna. Fyrst um sinn verður skrifstofan opin sem hér segir: Þriðjudaga kl. 5-7 og föstudaga kl. 4-6.

Söfnum 1/2-milljón fyrir árslok!

Fjárhæðin mun renna í sjóð til kaupa á vélum fyrir blaðið. Þannig verður það sjálfbjarga.

Lifi prentsmiðja VERKALÝÐSBLAÐSINS!



Nýjar plötur - nýtt lesefni

OKTÓBER-búðin hefur nú fengið nýjar norskar og sænskar plötur.

Ennfremur er nýútkomið 1.hefti af blaði EIK(m-l) skólum, til baráttu, og bæklingur með greinargóðu yfirliti yfir Leshring EIK(m-l) í marx-lenínisma.

Stór og mikill pöntunarlisti norska Októberforlagsins fylgir með í kaupbæti, svo lengi sem birgðir endast.

Október-búðin
Laugavegi 178,
2.hæð (á horni
Bolholts)

Október

Opið:
Miðvikudaga kl. 15-17
Föstudaga kl. 17-19
Laugardaga kl. 14-16

VERKALÝÐSBLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK(m-l)

Ábyrgðarmaður: Albert Einarsson

LAUGAVEGI 178, 2. HÆÐ
POSTHÓLF 5186, REYKJAVÍK
SÍMI 84210 - 35904

Gerist áskrifendur

Stuðningsáskrift: kr 2500 Ársáskrift: kr. 1500
Hálfársáskrift: kr. 800

Áskrift greiðist á gíró 12200 - 9

„Samningsrétturinn er skertur" segja járniðnaðarmenn á Akureyri

VB: Símon, hvað vilt þú segja almennt um nýgerða kjarasamninga?

S.M.: Það ber hæst að ákvörðunarréttur stéttarfélaganna um kjörin virðist óbeint tekinn frá okkur. Miðstjórnin er orðin svo mikil í verkalýðshreyfingunni og aðstaða okkar til að fella samninga er gerð sem allra erfiðust. Þess vegna kemur ekki fram raunverulegur hugur manna til samninganna með atkvæðagreiðslunni. Samningsrétturinn er skertur.

Nú, varðandi baráttuaðferðir, þá var yfirvinnubannið skólun fyrir fólk í því að vinna 8 tíma vinnudag. En sem baráttuaðferð kom það að mjög takmörkuðu gagni. Aðrar aðgerðir komu held ég að tiltölulega litlu gagni.

VB: Varst þú fylgjandi því að samningurinn yrði felldur og barist fyrir nýjum í félaginu?

S.M.: Já, ég gat ekki samþykkt samning þar sem svo mikill hluti krafna náðist ekki fram. Þar má nefna flestar okkar sérkröfur og eins hitt, að engu þaki tókst að koma á yfirvinnuna. Til þess er samningsrétturinn að beita honum, og mér fannst það þess virði að láta reyna á samstöðuna í félaginu.

"LAUNAJÖFNUNARSTEFNAN" ENGIN LAUSN

VB: Jökull, á afgreiðslufundi um samningana barst þú fram tillögu um að málmiðnaðarmenn skyldu hætta þátttöku í samfloti ASÍ. Hvaða ástæða var fyrir því?

J.G.: Það er mín skoðun, að síðustu samningar sýni, að full ástæða er til að verkafólk hópi sér saman eftir starfsgreinum. Ég álít það grundvallarstaðreynd, að þjóðfélagið getur séð öllu verkafólki fyrir lífvænlegum launum, þ.e. þeim almenna framfærslukostnaði sem Þjóðhagsstofnun reiknar út. Þessu marki verður að ná á annan hátt en með því að reka þessa gengdarlausu "launajöfnunarstefnu", sem raskar öllu eðlilegu jafnvægi í launum milli hinna margvíslegu starfa, án þess að taka tillit til reynslu, náms, ábyrgðar o.fl.

VB: Hvað er að segja um aðferðir Málm- og skipasmíðasambandsins í samningunum?

J.G.: Viðbrögð MSÍ voru eðlileg, svo langt sem þau náðu. En í framhaldi af því vona ég að iðnaðarmenn sjái sér hag í því að standa saman og mynda sterka iðnsveinaheild sem verði málsvari þeirra í framtíðinni.

VB: Hvað er að segja um verkfallsaðgerðirnar?

J.G.: Þar eigum við margt ólært. Það hefur sýnt sig, að erfitt er að halda úti langvarandi allsherjarverkföllum. Í þessari orrahríð var farið inn á nýjar brautir sem tvímælalaust geta orðið árangursríkar, en því aðeins að að þeim sé staðið af alvöru og einurð. Verkfallsvopninu á aðeins að beita ef nauðsynlegt er, en sé því beitt þarf það að vera oddhvasst og biturt og vinna sitt gagn á sem skemmstum tíma. Mér fannst vanta alvöruna í þetta sinn.

Sóknarkonur í störf hjúkrunarfræðinga:

Afturhaldsstefna í heilbrigðismálum!

Vegna skorts á hjúkrunarfræðingum hefur nokkrum deildum á Landsspítalanum og Borgarspítalanum verið lokað. Í fjölmiðlum eru gefnar þær skýringar að of fáir hjúkrunarfræðingar séu útskrifaðir árlega, starfsaðstaða sé slæm o.fl. Margt er til í þessu en Verkalýðsblaðið hefur þegar bent á að höfuðástæðan er lélegt kaup hjúkrunarfræðinga miðað við menntun, starfsaðstöðu og ábyrgð.

Formaður Sóknar leysir vandann

Þann 22. júní sl. birti Vísir viðtal við Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, formann Sóknar um lausn þessa vandamáls. Lagði Aðalheiður til að Sóknarstúlkur verði menntaðar á stuttum námsskeiðum, fjöldi þeirra aukinn á spítölunum og deildum haldið opnum með þeirra hjálp. Sagði Aðalheiður m.a: "Eins og vandamálið er mikið er algjör fjarstæða að reyna ekki að opna Hafnarbúðir til dæmis með Sóknarkonum sem störfuðu þar undir stjórn hjúkrunarfræðinga". Hver yrði afleiðingin ef þessum hugmyndum yrði hrundið í framkvæmd? Ófaglærðu láglaunafólki yrði fjölgað hlutfallslega á sjúkrastofnunum - fækkun á faglærðu starfsfólki (aðallega sjúkraliðum og hjúkrunarfræðingum) myndi óhjákvæmilega koma í kjölfarið. Yrði langlegudeild fyrir aldraða, Hafnarbúðir, opnuð með ómenntuðu eða lítt menntuðu starfsfólki yrði útkoman grátleg. Hjúkrun sjúkra og aldraða er vandasamari en svo að ófaglærðir geti sinnt því sómasamlega.

Láglaunastefnan í framkvæmd

Hver er þessi lausn sem Vísir finnst svo góð að vert sé að slá henni upp á útsíðu og síðar í tveimur leiðurum? Lausnin er að þrýstinni sé snúið aftur á bak, að þjónusta við sjúka og aldraða hrapi niður á frumstæðara stig. Í stað þess að berjast fyrir bættum kjörum hjúkrunarfræðinga og meiri möguleikum alþýðufólks til að læra hjúkrun, er stungið upp á að ómenntað fólk taki þessi störf að sér. Í stað þess að berjast fyrir að Sóknarstúlkum og öðru lítt menntuðu fólki sé auðveldað að komast til mennta í hjúkrunarstörfum stingur formaður Sóknar upp á að Sóknarstúlkur verði með skammtímanámskeiðum gerðar að slarkfæru, ódýru vinnuafli.

Nei, formaður Sóknar er harður talsmaður láglauna stefnunnar, þeirrar stefnu sem fordæmir kaupkröfur hjúkrunarfræðinga. Eðlilega eru forvígismenn launajöfnunarstefnunnar blindir á að lausn hjúkrunarfræðingaskortsins er að bæta kjör hjúkrunarfræðinga, gera starfið það aðlaðandi að fleiri sækist í hjúkrunarnám og að lærðir hjúkrunarfræðingar starfi sem slíkir (stór hluti meðlima hjúkrunarfélagsins vinnur ekki við hjúkrun).

Heilbrigðisstéttum sundrað

"Launajöfnun hafi algjöran forgang", sögðu ASÍ-páfarnir 1. maí, 100.000 kr. kaupkrafa láglaunafólks (þ.e. Sóknarstúlkna) er svikin og barátta betur launaðra starfshópa, svo sem hjúkrunarfræðinga, fyrir bættum kjörum er sett alveg út í kuldann. Ekki stóð á nokkru dagblaði og stjórnmálaflokki að styðja launajöfnunarstefnuna - sömu aðilar réðust allir sem einn gegn kaupkröfum hjúkrunarfræðinga nú í vor.

Það er ekki aðeins þessi áróður sem sundrar heilbrigðisstéttunum. Sóknarstúlkur, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, nemar - allir eru í sitt hvoru stéttarfélagi, hafa sinn hvorn sess í virðingarstiga sjúkrahúsanna og sinn hvorn einkennisbúning. Og ekki aðeins vinnur auðvaldið þannig leynt og ljóst að sundrungu innan heilbrigðisstéttarinnar. Innan hvers starfshóps er einnig unnið að sundrungu. Nýjasta dæmið eru tvær tegundir hjúkrunarfræðinga, háskólamenntaðir og hjúkrunarfræðingar með héraðsbundna menntun.

Sundrung sjúkrahússtarfshópa er runnin undan rifjum auðvaldsins. Talsmenn atvinnurekenda í verkalýðshreyfingunni standa jafnvel í farabroddi við að reka þennan áróður, eins og tillögur Aðalheiðar, formanns Sóknar sýna.

Sóknarstúlkur í störf hjúkrunarfræðinga er röng, háttuleg og sundrandi stefna. Það er ekki einkamál eins eða neins hvort sjúkum er sinnt - það er hagsmunamál allrar alþýðu. Það er okkar hagsmunamál að skortur á menntuðu starfsfólki verði leystur með því að gera kjör þessa starfsfólks mönnum bjóðandi.

***

RÍKIÐ HELDUR LAUNAHÆKKUNUM EFTIR

Launahækkun sú sem koma átti á laun hjá ýmsu ríkisstarfsfólki t.d. spítalanna kom ekki með laununum um s.l. mánaðamót. Þegar grennslast var fyrir um töfina var sagt að hækkunin kæmi einhverntíma seinna. Þetta kemur sér að sjálfsögðu illa fyrir margan, auk þess sem ríkið hefur engan rétt til þess að halda launum starfsfólks eftir um óákveðinn tíma.

Verkalýðsfréttaritari.

HEFJUM BARÁTTU Á VINNUSTÖÐUNUM!

Nú að loknum samningum kemur upp í hugum okkar, sem óánægð erum með samningana: Hvað ber að gera?

Eigum við að láta okkur það lynda að taka á móti launaumslögum með smánarkaupi þegjandi og hljóðalaust? Eigum við bara að bíða þangað til samningar renna út 1. desember 1978 og bíða með baráttuna þangað til?

Nei, við sættum okkur ekki við orðinn hlut, eins og uppkeypti hluti verkalýðsforystunnar, trotskistar og liðsmenn "KFÍ/ML" gera. Við verðum að taka upp nýjar baráttuaðferðir, sem hunsa svikasamningana.

Besta baráttuaðferðin sem notuð hefur verið, t.d. í Noregi, með góðum árangri, er vinnustaðabarátta. Einn eða fleiri vinnustaðir í sömu starfsgrein fara í verkfall og krefjast þess að kaup þeirra hækki. Til þess að slíkt verkfall beri árangur, verður að afla aðgerðunum víðtæks stuðnings þegar í upphafi hjá verkafólki á öðrum vinnustöðum og afla fjár og annars stuðnings hjá almenningi.

Baráttuþrek verkafólks verður að vera mikið og samstaða góð til þess að hafa gegn andróðri sem háður verður við verkfallsmönnum. Í fyrsta lagi munu atvinnurekendur bregðast við og dæma aðgerðirnar ólöglegar. Í öðru lagi munu stéttasamvinnupáfarnir í ASÍ-forystunni ekki styðja aðgerðirnar á þeim forsendum að þær séu ólöglegar.

Verkafólk! Höldum baráttunni áfram fyrir bættum kjörum!

Sýnum stéttasamvinnupáfunum þrótt okkar og styrk!

Hefjum undirbúning vinnustaða- og starfsgreinaverkfalla þegar í stað!

Gegn geðþótta-uppsögnum

Undanfarið hefur Verkalýðsblaðið birt frásagnir verkafólks af vinnuskilyrðum og aðbúnaði á vinnustöðum. Slíkum greinum hafa yfirleitt fylgt hótanir atvinnurekenda um uppsagnir og málssókn á hendur blaðinu. Hótanir þessar hafa enn ekki komið til framkvæmda, en þær sýna að Verkalýðsblaðið er á réttri leið! Það sem hræðir atvinnurekendur frá því að láta hótanirnar koma til framkvæmda, er að þá verði málið opinbert og slíkt hræðast þeir.

Hingað til hafa órökstuddar uppsagnir eða uppsagnir, gerðar til að hindra baráttu verkafólks fyrir bættum kjörum, farið hljóðlega í fjölmiðlum. Sú hugmynd hefur því læðst að fólki, að ekki sé mikið um slíkt. Verkafólk sem hefur fengið uppsögn á vafasömum forsendum hefur því gjarnan farið leynt með það - jafnvel fundist það skammarlegt að missa starfið. ASÍ-forystan og Alþýðubandalag, sem gjarnan auglýsa sig sem "bestu vini alþýðu", hafa átt drjúgan þátt í að skapa og viðhalda þessari tilhneigingu, með opinberu viljaleysi til að berjast með og gagnast verkafólki á allan hátt.

Reynslan hefur kennt, að geðþóttauppsagnir eru algengar og aukast. Dæmi um geðþóttauppsagnir má nefna: Uppsögn Kolbeins á verkstæði Kaupfélags Árnesinga í byrjun árs 1975, uppsögn 100 kvenna hjá Norðurstjörnunni í Hafnarfirði, uppsagnir verkafólks þegar Kexverksmiðjan Esja lagði upp laupana - þá voru eldri konurnar látnar á atvinnuleysisbætur í hálft ár en síðan beið þeirra atvinnuleysi. Þá má nefna mjólkurbúðamálið 1976, hótanir atvinnurekenda á Kirkjusandi og í Hagkaup nú nýverið.

Reynslan, bæði hér á landi og erlendis, hefur sýnt, að margir góðir sigrar hafa unnist í baráttunni gegn geðþóttauppsögnum. Nægir að benda á Kolbeinsmálið, sem sýnir að verkafólk getur náð langt með mikilli samstöðu. Reynslan hefur sýnt að sameiginleg barátta verkafólksins er haldbesta vopnið gegn átroðslu og kúgun, gegn svikastefnu hinnar svokölluðu "verkalýðsforystu" ASÍ. Því er sýnt að verkafólk verður að vera vökult í baráttunni um rétt sinn og fylgjast vel með uppsögnum á eigin vinnustað. Verkalýðsblaðið hvetur verkafólk til að hafa samband við blaðið, því að það stendur í þjónustu þess og reynslan hefur sýnt að með því að fletta ofan af geðþóttauppsögnum og lélegum aðbúnaði og kjörum á vinnustað, má þrýsta á um úrbætur. Atvinnurekendur óttast ekkert meir en að kúgunaraðgerðir þeirra verði gerðar opinberar og geri verkafólki kleyft að standa saman.